



**AFSTAÐA ÍSLENDINGA TIL VETNIS Í
DESEMBER 2001**

Unnið fyrir Íslenska NýOrku



Janúar 2002

Félagsvísindastofnun

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**AFSTAÐA ÍSLENDINGA TIL VETNIS Í
DESEMBER 2001**

Unnið fyrir Íslenska NýOrku

Höfundur: Ævar Þórólfsson

Janúar 2002

Efnisyfirlit

1. Helstu niðurstöður	2
2. Framkvæmd	3
3. Úrvinnsla	4
4. Almenn yfirlit.....	5
5. Greining á afstöðu- og þekkingarspurningum.....	6
6. Bakgrunnsgreining	21

1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Einungis 22% svarenda hafa heyrt um Íslenska NýOrku. Tæp 6% allra svarenda telja sig vita hver starfsemi fyrirtækisins er.
- Mikill meirihluti svarenda (92%) er hlynntur vetnisvæðingu strætisvagna, bifreiða og skipa. Einungis 3% þeirra segjast andvígir henni.
- Kynning á notkunarmöguleikum vetnis sem eldsneytis hefur verið langt í frá fullnægjandi. Tæp 92% svarenda telja að það þurfi að kynna notkunarmöguleikana betur.
- Þrír af hverjum fjórum svarendum telja notkun strætisvagna vera vistvæna.
- Þrátt fyrir að mikill meirihluti sé fylgjandi vetnisvæðingu, myndi einungis helmingur svarenda velja þá leið að vetnisvæða strætisvagna til að gera notkun þeirra vistvænni. Hinn helmingurinn myndi vilja breyta almenningsvagnakerfinu þannig að það verði aðgengilegri kostur fyrir fleiri að nota strætisvagna.

2. FRAMKVÆMD

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kannaði afstöðu Íslendinga til notkunar vetnis sem eldsneytis sem og þekkingu þeirra á því efni. Dregið var 1200 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá og voru þátttakendur á aldrinum 16-76 ára. Þegar þeir sem voru búsettir erlendis, látnir eða gátu af öðrum sökum ekki tekið þátt, höfðu verið felldir burt úr úrtakinu voru 1154 manns eftir.

Af þeim 1154 sem eftir voru í úrtakinu svöruðu 800 manns spurningunum, sem þýðir að svarhlutfall var 69,3%.

Um símakönnun var að ræða og sá Gallup á Íslandi um úthringingar og skráningu gagna. Allir aðrir þættir könnunarinnar voru í höndum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tafla 2.1 Framkvæmd könnunar

Upplýsingasöfnun	12.-21. desember 2001.
Úrtak	1200 manns, 16-76 ára, valdir af handahófi úr þjóðskrá.
Aðferð	Símakönnun

Tafla 2.2 Úrtak og heimtur

Upphafleg úrtaksstærð	1200
<i>Búsettir erlendis</i>	21
<i>Veikir</i>	23
<i>Látnir</i>	2
Endanleg úrtaksstærð	1154
<i>Neita að svara</i>	214
<i>Næst ekki í</i>	140
Fjöldi svarenda	800
Svarhlutfall	69,3%

3. ÚRVINNSLA

Kí-kvaðrat tölfræðiprófið var notað til að greina áhrif ólíkra bakgrunnspátta eins og kyns og aldurs. Þar sem prófið greinir tölfræðilega marktækan mun á hlutföllum er þess getið í texta. Ef tölfræðilega marktækur munur greinist er hægt að alhæfa að það sé munur á hlutföllum tiltekinnna hópa í þýðinu (allir Íslendingar á aldrinum 16-76 ára), með tiltekinni vissu. Í neðanmálsgreinum er þess getið hvort munurinn er tölfræðilega marktækur miðað við 99% vissu, 95% vissu eða 90% vissu. Í töflum 5.1-5.7 eru notaðar stjörnumerkingar til að greina frá hvort um tölfræðilega marktækan mun var að ræða. Ein stjarna merkir að munurinn var tölfræðilega marktækur miðað við 90% vissu, tvær stjörnur standa fyrir tölfræðilega marktækt miðað við 95% og þrjár stjörnur fyrir tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu.

Þau hlutföll sem eru notuð í þessari skýrslu miðast að öllu jöfnu við þá sem á annað borð tóku afstöðu til spurninga. Þeir sem neituðu að svara tiltekinni spurningu eða sögðust einfaldlega ekki geta svarað henni eru ekki með í hlutfallstölum. Af þessu leiðir að mismunandi fjöldi svara liggur á bak við hlutföll, en þær fjöldatölur er hægt að sjá í töflum 5.1-5.7.

4. ALMENNT YFIRLIT

Karlar voru 52,5% svarenda og konur 47,5%. Meðalaldur þeirra var tæp 40 ár og staðalfrávik aldurs var tæp 16 ár. Tæp 57% svarenda voru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu en rúm 43% á landsbyggðinni.

Störfum fólks var skipt í sex flokka og má sjá hver fjöldi fólks var í hverjum flokki í töflu 4.1. Menntun var skipt í fjóra flokka. Fjölmennasti menntunarhópurinn var sá sem flokkaðist undir framhaldsskólapróf (32,6%), en í þeim flokki voru bæði þeir sem hafa lokið stúdentsprófi og iðnskólaprófi (sjá töflu 4.2). Í töflu 4.3 sést hvernig fjölskyldutekjur svarenda voru flokkaðar. Með fjölskyldutekjum er átt við samanlagðar mánaðartekjur allra heimilismanna á tilteknu heimili.

Tafla 4.1 Störf svarenda

Starfsflokkur	Fjöldi	Hlutfall
Verkafólk/einföld þjónustustörf/sjómenn/bændur	185	23,5%
Faglærð iðnstörf	52	6,6%
Skrifstofustörf og faglærð störf við opinbera þjónustu	144	18,3%
Stjórnendur/atvinnurekendur/sérfræðingar	196	24,9%
Nemar	120	15,2%
Hvorki útvinnandi né í námi	90	11,4%
Veit ekki/neitar að svara	13	-
Alls	800	100,0%

Tafla 4.2 Menntun svarenda

Menntun	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólapróf	155	20,2%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	225	29,3%
Framhaldsskólapróf	251	32,6%
Háskólapróf	138	17,9%
Veit ekki/neitar að svara	31	-
Alls	800	100,0%

Tafla 4.3 Fjölskyldutekjur svarenda

Fjölskyldutekjur	Fjöldi	Hlutfall
Lægri en 250 þúsund	195	31,5%
250-399 þúsund	204	33,0%
400-549 þúsund	131	21,2%
550 þúsund eða hærri	89	14,4%
Veit ekki/neitar að svara	141	-
Alls	800	100,0%

5. GREINING Á AFSTÖÐU- OG ÞEKINGARSPURNINGUM

Hefur þú heyrt um fyrirtækið Íslensk NýOrka?

Einungis tæp 22% aðspurðra sögðust hafa heyrt um fyrirtækið Íslensk NýOrka. Það hlutfall var nokkuð breytileg eftir kyni¹, aldri², starfsgrein³ og búsetu⁴ fólks. Hærra hlutfall karlmannna (29,5%) en kvenmanna (13,1%) sagðist hafa heyrt um fyrirtækið. Því eldra sem fólk var, því líklegra var að það segðist hafa heyrt um Íslenska NýOrku. Þá taldi fólk á landsbyggðinni (24,9%) sig frekar hafa heyrt um fyrirtækið en fólk á höfuðborgarsvæðinu (19,4%). Einnig var nokkur munur á því hvort fólk sagðist hafa heyrt um fyrirtækið eftir því í hvaða starfsgrein það er. Meðal stjórnenda, atvinnurekenda og sérfræðinga var hæsta hlutfall sem sagðist hafa heyrt um Íslenska NýOrku (31,1%), en lægsta hlutfallið meðal fagmenntaðra iðnaðarmanna (11,5%) (sjá töflu 5.1). Af þessu er nokkuð ljóst að það er ekki mikil vitund um Íslenska NýOrku meðal landsmanna.

¹ Tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu.

² Tölfræðilega marktækt miðað við 95% vissu.

³ Tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu.

⁴ Tölfræðilega marktækt miðað við 90% vissu.

Tafla 5.1 Hefur þú heyrt um fyrirtækið Íslensk NýOrka?

<i>Heild</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>
Allir	790	21,8%	78,2%
<i>Kyn***</i>			
Karlar	417	29,5%	70,5%
Konur	373	13,1%	86,9%
<i>Alls</i>	790	21,8%	78,2%
<i>Aldur**</i>			
16-29 ára	258	17,8%	82,2%
30-49 ára	314	20,7%	79,3%
50-76 ára	218	28,0%	72,0%
<i>Alls</i>	790	21,8%	78,2%
<i>Búseta*</i>			
Höfuðborgarsvæði	449	19,4%	80,6%
Landsbyggð	341	24,9%	75,1%
<i>Alls</i>	790	21,8%	78,2%
<i>Starfsgrein***</i>			
Verkfólk/einf. þjón.st./sjómenn/bændur	184	21,2%	78,8%
Faglærð iðnstörf	52	11,5%	88,5%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	143	16,1%	83,9%
Stjórnendur/atvinnurek./sérfræðingar	193	31,1%	68,9%
Nemar	116	19,0%	81,0%
Hvorki útvinnandi né í námi	90	21,1%	78,9%
<i>Alls</i>	778	21,7%	78,3%
<i>Menntun</i>			
Grunnskólapróf	155	23,9%	76,1%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	221	18,6%	81,4%
Framhaldsskólapróf	247	23,1%	76,9%
Háskólapróf	137	23,4%	76,6%
<i>Alls</i>	760	22,0%	78,0%
<i>Fjölskyldutekjur</i>			
Lægri en 250 þúsund	194	20,1%	79,9%
250-399 þúsund	201	21,9%	78,1%
400-549 þúsund	129	22,5%	77,5%
550 þúsund eða hærri	89	29,2%	70,8%
<i>Alls</i>	613	22,5%	77,5%

Veist þú hver starfsemi þess fyrirtækis (Íslensk NýOrka) er?

Þessari spurningu svöruðu einungis þeir sem sögðust hafa heyrt um Íslenska NýOrku, eða 172 manns. Af þeim sem sögðust hafa heyrt um fyrirtækið sögðust einungis rúm 27% vita hver starfsemi þess væri. Þess ber að geta að fólk var ekki spurt hver starfsemin væri til að sannreyna meinta vitneskju þeirra, heldur var treyst á að svarendur segðu satt og rétt frá. Þar sem fólk hefur tilhneigingu til þess að svara þannig að það líti betur út í könnunum sem þessum, þá verður að hafa í huga að áðurnefnt hlutfall gæti verið ofmat á því hversu margir vita hver starfsemi Íslenskrar NýOrku er.

Það, hvort fólk vissi hver starfsemi Íslenskrar NýOrku er, var breytilegt eftir kyni⁵ og menntun⁶ svarenda. Karlar (34,7%) telja sig mun frekar en konur (8,5%) vita hver starfsemi fyrirtækisins er, og þeir sem eru háskólamenntaðir (38,7%) telja sig frekar vita hver starfsemin er samanborið við þá sem einungis hafa lokið grunnskólanámi (10,8%) (sjá töflu 5.2).

Af þeim tveimur spurningum sem hefur verið fjallað um, er ljóst að fáir virðast kannast við Íslenska NýOrku og þá starfsemi sem þar fer fram. Við nánari skoðun kemur í ljós að einungis tæp 6% allra svarenda telja sig vita hver starfsemi fyrirtækisins er, en eins og áður hefur komið fram, eru líkur á að það sé ofmetið hlutfall.

⁵ Tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu.

⁶ Tölfræðilega marktækt miðað við 90% vissu.

Tafla 5.2 Veist þú hver starfsemi þess fyrirtækis (Íslensk NýOrka) er?

<i>Heild</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>
Allir	168	27,4%	72,6%
<i>Kyn***</i>			
Karlar	121	34,7%	65,3%
Konur	47	8,5%	91,5%
<i>Alls</i>	168	27,4%	72,6%
<i>Aldur</i>			
16-29 ára	45	22,2%	77,8%
30-49 ára	63	33,3%	66,7%
50-76 ára	60	25,0%	75,0%
<i>Alls</i>	168	27,4%	72,6%
<i>Búseta</i>			
Höfuðborgarsvæði	84	32,1%	67,9%
Landsbyggð	84	22,6%	77,4%
<i>Alls</i>	168	27,4%	72,6%
<i>Starfsgrein</i>			
Verkafólk/einf. þjón.st./sjómenn/bændur	38	23,7%	76,3%
Faglærð iðnstörf	6	50,0%	50,0%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	23	21,7%	78,3%
Stjórnendur/atvinnurek./sérfræðingar	59	30,5%	69,5%
Nemar	22	22,7%	77,3%
Hvorki útvinnandi né í námi	17	29,4%	70,6%
<i>Alls</i>	165	27,3%	72,7%
<i>Menntun*</i>			
Grunnskólapróf	37	10,8%	89,2%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	39	25,6%	74,4%
Framhaldsskólapróf	56	30,4%	69,6%
Háskólapróf	31	38,7%	61,3%
<i>Alls</i>	163	26,4%	73,6%
<i>Fjölskyldutekjur</i>			
Lægri en 250 þúsund	38	21,1%	78,9%
250-399 þúsund	44	31,8%	68,2%
400-549 þúsund	29	27,6%	72,4%
550 þúsund eða hærri	25	36,0%	64,0%
<i>Alls</i>	136	28,7%	71,3%

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) þeirri þróun að vetni taki við af olíu sem aðalorkugjafi strætisvagna, bifreiða og skipa?

Mjög stór hluti landsmanna er fylgjandi því að vetni taki við af olíu sem aðalorkugjafi strætisvagna, bifreiða og skipa. Tæp 62% segjast mjög hlynntir þeirri þróun og tæp 92% segjast vera mjög eða frekar hlynnt þróuninni. Einungis 3% segjast andvígir þessari þróun og rúm 5% segjast hvorki hlynntir né andvígir henni.

Þessi afstaða var breytileg eftir búsetu⁷ og menntun⁸. Munur á afstöðu íbúa á höfuðborgarsvæði og landsbyggð var ekki mikill. Hann fólst aðallega í því að herra hlutfall höfuðborgarsvæðisbúa (6,7%) en landsbyggðarfólks (3,5%) var hvorki hlynntur né andvígur vetnisþróuninni. Þetta veldur því að herra hlutfall landsbyggðarfólks en höfuðborgarbúa er bæði hlynnt (92,7% á móti 91,0%) og andvíg (3,8% á móti 2,4%) áður nefndri þróun. Hvað menntun snertir sýnir fólk með háskólapróf einu frávikin í afstöðu til þessa efnis. Herra hlutfall þeirra en hinna menntunarflokkanna var hvorki hlynnt né andvíg vetnisvæðingunni. Ekki var munur á þessari afstöðu eftir öðrum bakgrunnspáttum (sjá töflu 5.3).

⁷ Tölfræðilega marktækt miðað við 90% vissu.

⁸ Tölfræðilega marktækt miðað við 95% vissu.

Tafla 5.3 Ert þú hlynnt(ur) eða andvígur þeirri þróun að vetni taki við af olíu sem aðalorkugjafi strætisvagna, bifreiða og skipa?

<i>Heild</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlynnt(ur)</i>	<i>Hvorki né</i>	<i>Andvíg(ur)</i>
Allir	738	91,7%	5,3%	3,0%
<i>Kyn</i>				
Karlar	406	92,6%	4,9%	2,5%
Konur	332	90,7%	5,7%	3,6%
<i>Alls</i>	738	91,7%	5,3%	3,0%
<i>Aldur</i>				
16-29 ára	243	90,9%	4,5%	4,5%
30-49 ára	289	91,0%	6,9%	2,1%
50-76 ára	206	93,7%	3,9%	2,4%
<i>Alls</i>	738	91,7%	5,3%	3,0%
<i>Búseta*</i>				
Höfuðborgarsvæði	421	91,0%	6,7%	2,4%
Landsbyggð	317	92,7%	3,5%	3,8%
<i>Alls</i>	738	91,7%	5,3%	3,0%
<i>Starfsgrein</i>				
Verkafólk/einf. þjón.st./sjómenn/bændur	169	94,7%	2,4%	3,0%
Faglærð iðnstörf	51	96,1%	3,9%	0,0%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	134	91,8%	6,0%	2,2%
Stjórnendur/atvinnurek./sérfræðingar	179	91,6%	6,7%	1,7%
Nemar	111	89,2%	4,5%	6,3%
Hvorki útivinnandi né í námi	84	88,1%	8,3%	3,6%
<i>Alls</i>	728	91,9%	5,2%	2,9%
<i>Menntun**</i>				
Grunnskólapróf	140	92,1%	4,3%	3,6%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	208	92,8%	3,4%	3,8%
Framhaldsskólapróf	239	92,5%	4,6%	2,9%
Háskólapróf	123	87,8%	11,4%	0,8%
<i>Alls</i>	710	91,7%	5,4%	3,0%
<i>Fjölskyldutekjur</i>				
Lægri en 250 þúsund	182	92,1%	4,3%	3,6%
250-399 þúsund	190	92,8%	3,4%	3,8%
400-549 þúsund	122	92,5%	4,6%	2,9%
550 þúsund eða hærri	82	87,8%	11,4%	0,8%
<i>Alls</i>	576	91,7%	5,4%	3,0%

Finnst þér að það þurfi að kynna notkunarmöguleika vetnis sem eldsneytis betur fyrir almenningi?

Mjög stór hluti Íslendinga telur sig ekki vita nóg um notkunarmöguleika vetnis sem eldsneytis, því í heildina töldu tæp 94% að það þyrfti að kynna notkunarmöguleikana betur. Þar af töldu 80% að það þyrfti að kynna þá mun betur og 13,5% að það þyrfti að kynna þá nokkuð betur. Einungis rúm 6% töldu að kynningin hefði verið fullnægjandi. Þessi afstaða er nokkuð breytileg eftir kyni⁹, starfsgrein¹⁰, menntun¹¹ og fjölskyldutekjum¹².

Hærra hlutfall kvenna (86,6%) en karla (74,1%) telur að það þurfi að kynna notkunarmöguleika vetnis sem eldsneytis mun betur fyrir almenningi. Einungis 1,4% kvenna telur að kynningin hafi verið fullnægjandi. Þegar kemur að starfsgrein eru það helst stjórnendur, atvinnurekendur og sérfræðingar sem telja að kynningin hafi verið fullnægjandi (11,8%), en þeir sem eru hvorki útivinnandi né í námi telja að það þurfi að kynna notkunarmöguleikana mun betur (86,5%).

Nokkuð línulegur vöxtur virðist vera í þessari afstöðu þegar litið er á menntun. Því meiri menntun sem fólk hefur, því meiri líkur eru á að það telji að kynningin hafi verið fullnægjandi. Að lokum virðast fjölskyldutekjur tengjast þessari afstöðu. Mestur munur er á milli þeirra sem koma úr fjölskyldum sem hafa annars vegar 400-549 þúsund í heildartekjur á mánuði og hins vegar 550 þúsund eða meira á mánuði. Meðal fyrrgreinda hópsins telja 86,7% að það þurfi að kynna notkunarmöguleikana mun betur á móti 76,5% þeirra í hæsta tekjuhópnum (sjá töflu 5.4). Þess ber þó að geta að tekjuhóparnir þurfa ekki að endurspeglar lág- og hátekjufólk. Þar sem um er að ræða tekjur allra þeirra sem búa á heimili þá hefur fjöldi vinnandi fólks á heimili töluverð áhrif á heildartekjur heimilis. Því getur fjölskylda lent í hæsta tekjuhópnum þrátt fyrir að heildartekjur hvers heimilismanns séu ekki tiltakanlega háar.

Af ofangreindu er þó ljóst að kynning á notkunarmöguleikum vetnis sem eldsneytis hefur langt í frá verið fullnægjandi.

⁹ Tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu.

¹⁰ Tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu.

¹¹ Tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu.

¹² Tölfræðilega marktækt miðað við 95% vissu.

Tafla 5.4 Finnst þér að það þurfi að kynna notkunarmöguleika vetnis sem eldsneytis betur fyrir almenningi?

<i>Heild</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Já, mun betur</i>	<i>Já, nokkuð betur</i>	<i>Nei, kynning fullnægjandi</i>
Allir	776	80,0%	13,5%	6,4%
<i>Kyn***</i>				
Karlar	409	74,1%	14,9%	11,0%
Konur	367	86,6%	12,0%	1,4%
<i>Alls</i>	776	80,0%	13,5%	6,4%
<i>Aldur</i>				
16-29 ára	252	80,2%	15,1%	4,8%
30-49 ára	307	80,5%	12,4%	7,2%
50-76 ára	217	79,3%	13,4%	7,4%
<i>Alls</i>	776	80,0%	13,5%	6,4%
<i>Búseta</i>				
Höfuðborgarsvæði	437	79,6%	13,7%	6,6%
Landsbyggð	339	80,5%	13,3%	6,2%
<i>Alls</i>	776	80,0%	13,5%	6,4%
<i>Starfsgrein***</i>				
Verkafólk/einf. þjón.st./sjómenn/bændur	182	81,9%	12,1%	6,0%
Faglærð iðnstörf	51	62,7%	29,4%	7,8%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	139	85,6%	9,4%	5,0%
Stjórnendur/atvinnurek./sérfræðingar	187	75,9%	12,3%	11,8%
Nemar	117	79,5%	17,9%	2,6%
Hvorki útivinnandi né í námi	89	86,5%	11,2%	2,2%
<i>Alls</i>	765	80,0%	13,6%	6,4%
<i>Menntun***</i>				
Grunnskólapróf	149	83,2%	12,8%	4,0%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	223	83,0%	13,5%	3,6%
Framhaldsskólapróf	245	77,1%	15,9%	6,9%
Háskólapróf	130	74,6%	10,8%	14,6%
<i>Alls</i>	747	79,7%	13,7%	6,7%
<i>Fjölskyldutekjur**</i>				
Lægri en 250 þúsund	190	84,2%	11,6%	4,2%
250-399 þúsund	199	78,4%	16,1%	5,5%
400-549 þúsund	128	86,7%	9,4%	3,9%
550 þúsund eða hærr	85	76,5%	10,6%	12,9%
<i>Alls</i>	602	81,7%	12,5%	5,8%


Í hvaða fjölmiðli hefur þú helst öðlast vitneskju um notkun vetnis sem eldsneytis?

Við úrvinnslu voru þeir sem höfðu ekki öðlast neina vitneskju um notkun vetnis sem eldsneytis ekki hafðir með, en það voru 5,1% svarenda.

Flestir svarenda sögðu að þeir hefðu helst öðlast þekkingu á notkun vetnis sem eldsneytis í sjónvarpi (55,4%). Næst flestir, eða 26,8%, sögðust helst hafa öðlast þekkinguna í dagblöðum. Síst sóttist fólk í þessa þekkingu á netinu (sjá mynd 5.1).

Nokkuð breytilegt var eftir aldri¹³ og kyni¹⁴ hvert fólk sótti þekkingu sína á vetni. Karlar eru aðeins líklegri en konur til að leita sér þekkingar í dagblöðum (28,2% á móti 25,2%), úr tímaritum (5,7% á móti 3,0%) og af netinu (4,4% á móti 1,5%). Konur eru aftur á móti líklegri en karlar til að leita sér þekkingar í sjónvarpi (58,2% á móti 53,0%). Þegar kemur að aldri er elsti aldurshópurinn mun líklegri en sá yngsti til að leita sér þekkingar í dagblöðum (31,8% á móti 19,6%) og úr útvarpi (12,8% á móti 4,0%). Yngsti aldurshópurinn er aftur á móti mun líklegri en sá elsti til að leita sér þekkingar úr sjónvarpi (59,1% á móti 49,7%) og af netinu (7,6% á móti 0,0%) (sjá töflu 5.5).

Ekki er, út frá þessum niðurstöðum, hægt að greina hvort kynningin hafi helst farið fram í sjónvarpi og dagblöðum, eða hvort niðurstöðurnar stafi einfaldlega af því að þetta eru þær tegundir fjölmiðla sem fólk notar mest.



Mynd 5.1 Hlutfall þeirra sem hafa helst öðlast vitneskju um notkun vetnis sem eldsneytis úr tilteknum fjölmiðli.

¹³ Tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu.

¹⁴ Tölfræðilega marktækt miðað við 95% vissu.

Tafla 5.5 Í hvaða fjölmiðli hefur þú helst öðlast vitneskju um notkun vetnis sem eldsneytis?

<i>Heild</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Dag- blöðum</i>	<i>Sjón- varpi</i>	<i>Út- varpi</i>	<i>Netinu</i>	<i>Tíma- ritum</i>	<i>Annars staðar</i>
Allir	713	26,8%	55,4%	7,0%	3,1%	4,5%	3,2%
<i>Kyn**</i>							
Karlar	383	28,2%	53,0%	6,5%	4,4%	5,7%	2,1%
Konur	330	25,2%	58,2%	7,6%	1,5%	3,0%	4,5%
<i>Alls</i>	713	26,8%	55,4%	7,0%	3,1%	4,5%	3,2%
<i>Aldur***</i>							
16-29 ára	225	19,6%	59,1%	4,0%	7,6%	6,2%	3,6%
30-49 ára	293	29,0%	56,3%	5,5%	1,7%	4,1%	3,4%
50-76 ára	195	31,8%	49,7%	12,8%	0,0%	3,1%	2,6%
<i>Alls</i>	713	26,8%	55,4%	7,0%	3,1%	4,5%	3,2%
<i>Búseta</i>							
Höfuðborgarsvæði	402	29,9%	51,5%	6,2%	3,7%	5,2%	3,5%
Landsbyggð	311	22,8%	60,5%	8,0%	2,3%	3,5%	2,9%
<i>Alls</i>	713	26,8%	55,4%	7,0%	3,1%	4,5%	3,2%
<i>Starfsgrein</i>							
Verkafólk/einf. þjón.st./sjómenn/bændur	169	19,5%	63,3%	7,7%	0,6%	4,7%	4,1%
Faglærð iðnstörf	48	33,3%	50,0%	2,1%	8,3%	6,3%	0,0%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	131	29,8%	56,5%	5,3%	1,5%	3,1%	3,8%
Stjórnendur/atvinnurek./sérfræðingar	171	30,4%	53,2%	7,6%	3,5%	4,1%	1,2%
Nemar	102	25,5%	50,0%	4,9%	7,8%	6,9%	4,9%
Hvorki útivinnandi né í námi	84	28,6%	53,6%	10,7%	1,2%	2,4%	3,6%
<i>Alls</i>	705	27,0%	55,6%	6,8%	3,1%	4,4%	3,1%
<i>Menntun</i>							
Grunnskólapróf	133	22,6%	56,4%	13,5%	1,5%	3,0%	3,0%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	207	24,6%	60,9%	5,8%	1,4%	4,3%	2,9%
Framhaldsskólapróf	231	28,1%	55,0%	7,4%	3,9%	2,6%	3,0%
Háskólapróf	117	33,3%	48,7%	2,6%	3,4%	7,7%	4,3%
<i>Alls</i>	688	26,9%	56,0%	7,3%	2,6%	4,1%	3,2%
<i>Fjölskyldutekjur</i>							
Læгри en 250 þúsund	178	25,3%	56,2%	10,1%	2,2%	4,5%	1,7%
250-399 þúsund	187	29,9%	54,0%	5,3%	4,3%	3,2%	3,2%
400-549 þúsund	121	25,6%	59,5%	5,8%	1,7%	4,1%	3,3%
550 þúsund eða hærri	78	26,9%	55,1%	3,8%	3,8%	9,0%	1,3%
<i>Alls</i>	564	27,1%	56,0%	6,7%	3,0%	4,6%	2,5%

Telur þú notkun strætisvagna vera vistvæna eða ekki vistvæna?

Í þessari spurningu var reynt að fá fram afstöðu fólks til þess hvort notkun strætisvagna væri almennt vistvæn eða ekki. Hætta var á að fólk myndi meta hvort strætisvagnar sem slíkir væru vistvænir og því lögðu spyrjar áherslu á *notkun strætisvagna* þegar fólk var spurt. Nærri þrír af hverjum fjórum sem tóku afstöðu töldu notkun strætisvagna vera vistvæna, og því taldi fjórðungur svarenda að notkun þeirra væri ekki vistvæn (sjá töflu 5.6).

Nokkur munur var á þessari afstöðu eftir menntun¹⁵ og fjölskyldutekjum¹⁶. Því menntaðra sem fólk er því líklegra er að það telji notkun strætisvagna vera vistvæna. Rúmt 81% þeirra sem hafa háskólamenntun telja hana vistvæna á móti rúmum 67% þeirra sem hafa grunnskólamenntun. Þess ber þó að geta að þrátt fyrir að spyrjar reyndu að koma áður nefndri merkingu spurningarinnar til skila, þá er samt sem áður möguleiki á að viðmælendur hafi metið hversu vistvænir strætisvagnarnir sjálfir eru. Því er hægt að velta þeirri spurningu upp hvort þessi munur á afstöðu til notkunar strætisvagna eftir menntun sé raunverulegur eða hvort um er að ræða mismikla getu fólks til að skilja sértæku hugmyndina um notkun strætisvagna.

Þegar litið er til fjölskyldutekna fólks kemur í ljós að hæsta hlutfall þeirra sem telur notkun strætisvagna ekki vistvæna er í tekjulægsta hópnum.

Flestir töldu notkun strætisvagna vera vistvæna og er því hægt að leiða líkum að því að viðmælendur hafi skilið spurninguna eins og til var ætlast. Ef margir hefðu misskilið spurninguna hefði mátt búast við því að fleiri teldu strætisvagna ekki vistvæna. Strætisvagnar ganga fyrir olíu og því erfitt að skilgreina þá sem vistvæna.

¹⁵ Tölfræðilega marktækt miðað við 90% vissu.

¹⁶ Tölfræðilega marktækt miðað við 95% vissu.

Tafla 5.6 Telur þú notkun strætisvagna vera vistvæna eða ekki vistvæna?

<i>Heild</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Vistvæna</i>	<i>Ekki vistvæna</i>
Allir	706	74,6%	25,4%
<i>Kyn</i>			
Karlar	376	74,2%	25,8%
Konur	330	75,2%	24,8%
<i>Alls</i>	706	74,6%	25,4%
<i>Aldur</i>			
16-29 ára	235	71,9%	28,1%
30-49 ára	285	78,2%	21,8%
50-76 ára	186	72,6%	27,4%
<i>Alls</i>	706	74,6%	25,4%
<i>Búseta</i>			
Höfuðborgarsvæði	408	74,0%	26,0%
Landsbyggð	298	75,5%	24,5%
<i>Alls</i>	706	74,6%	25,4%
<i>Starfsgrein</i>			
Verkafólk/einf. þjón.st./sjómenn/bændur	162	71,0%	29,0%
Faglærð iðnstörf	50	72,0%	28,0%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	131	75,6%	24,4%
Stjórnendur/atvinnurek./sérfræðingar	170	80,6%	19,4%
Nemar	108	74,1%	25,9%
Hvorki útivinnandi né í námi	76	69,7%	30,3%
<i>Alls</i>	697	74,6%	25,4%
<i>Menntun*</i>			
Grunnskólapróf	131	67,2%	32,8%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	201	72,1%	27,9%
Framhaldsskólapróf	220	75,9%	24,1%
Háskólapróf	129	81,4%	18,6%
<i>Alls</i>	681	74,2%	25,8%
<i>Fjölskyldutekjur**</i>			
Lægr en 250 þúsund	166	66,9%	33,1%
250-399 þúsund	184	79,9%	20,1%
400-549 þúsund	115	74,8%	25,2%
550 þúsund eða hærri	81	79,0%	21,0%
<i>Alls</i>	546	74,7%	25,3%

Ef eftirtaldar tvær leiðir hefðu jafn mikinn kostnað í för með sér, hvora telur þú vænlegri til að gera samgöngur vistvænni?

- a) Notast við núverandi skipulag almenningsvagnakerfisins en skipta yfir í umhverfisvænna eldsneyti fyrir strætisvagna.**
- b) Breyta almenningsvagnakerfinu þannig að það verði aðgengilegri kostur fyrir fleiri að nota strætisvagna.**

Fyrirfram var talið að viðmælendur myndu eiga í nokkrum erfiðleikum með að gera upp á milli þessara tveggja leiða. Því var sá kostur gefinn að svarendur mættu velja báðar leiðir ef þeir gætu ómögulega gert upp á milli þeirra. Við úrvinnslu voru þau svör hins vegar ekki tekin með því þau gefa ekki miklar upplýsingar um hvor leiðin sé skynsamlegri. Hlutfall þeirra sem tóku afstöðu til þessara tveggja leiða var 74,5%. Tæp 12% gátu ekki gert upp á milli leiðanna en tæp 14% svöruðu spurningunni ekki. Af þeim sem tóku afstöðu skiptust svarendur nokkuð jafnt á svarmöguleikana, 50,5% vildu skipta um eldsneyti en 49,5% vildu breyta almenningsvagnakerfinu. Þessi afstaða var breytileg eftir kyni¹⁷, starfsgrein¹⁸ og fjölskyldutekjum¹⁹.

Karlar (55,7%) voru frekar á því en konur (44,3%) að það ætti að halda sama almenningsgangnakerfi en skipta yfir í umhverfisvænna eldsneyti. Fagmenntaðir iðnaðarmenn voru einna helst á því að það ætti að breyta skipulagi almenningsgangnakerfisins (60,0%), en verkafólk og fólk í einföldum þjónustustörfum vildi helst að það yrði skipt yfir í umhverfisvænna eldsneyti (56,0%). Þá var nokkur munur á þessari afstöðu eftir fjölskyldutekjum. Fólk í hæsta tekjuhópnum var helst á því að það ætti að skipta yfir í umhverfisvænna eldsneyti (60,5%). Fólk með fjölskyldutekjur á bilinu 400-549 þúsund vildi hins vegar helst breyta skipulagi almenningsgangnakerfisins (61,1%) (sjá töflu 5.7).

Í ljósi þess að 92% svarenda eru fylgjandi vetnisvæðingu, kemur nokkuð á óvart að einungis helmingur þeirra myndi velja þá leið að vetnisvæða strætisvagna til að gera notkun þeirra vistvænni. Erfitt er að túlka þessar niðurstöður, en leiða má líkur að því að fólk vilji að samfélag sitt sé vistvænna, en það séu skiptar skoðanir á hvernig standa að þeirri breytingu. Þegar spurt var um hvort fólk væri hlynnt vetnisvæðingu

¹⁷ Tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu.

¹⁸ Tölfræðilega marktækt miðað við 90% vissu.

¹⁹ Tölfræðilega marktækt miðað við 95% vissu.

Þá voru flestir sammála um að vetnisvæðing væri jákvæð, því sú breyting myndi gera samfélagið vistvænna. Hins vegar þegar spurt var hvernig ætti að gera almenningssamgöngur vistvænni þá voru svarendum gefnar tvær leiðir. Báðar leiðirnar myndu hafa í för með sér vistvænna samfélag, en þar sem svarendur höfðu um fleiri en eina leið að velja kom í ljós að fólk var ekki sammála um hvernig skuli standa að þeirri breytingu.

Tafla 5.7 Ef eftirtaldar tvær leiðir hefðu jafn mikinn kostnað í för með sér, hvora telur þú vænlegri til að gera samgöngur vistvænni?

<i>Heild</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Leið A¹</i>	<i>Leið B²</i>
Allir	596	50,5%	49,5%
<i>Kyn***</i>			
Karlar	323	55,7%	44,3%
Konur	273	44,3%	55,7%
<i>Alls</i>	596	50,5%	49,5%
<i>Aldur</i>			
16-29 ára	202	54,0%	46,0%
30-49 ára	229	52,4%	47,6%
50-76 ára	165	43,6%	56,4%
<i>Alls</i>	596	50,5%	49,5%
<i>Búseta</i>			
Höfuðborgarsvæði	348	50,0%	50,0%
Landsbyggð	248	51,2%	48,8%
<i>Alls</i>	596	50,5%	49,5%
<i>Starfsgrein*</i>			
Verkafólk/einf. þjón.st./sjómenn/bændur	141	56,0%	44,0%
Faglærð iðnstörf	40	40,0%	60,0%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	103	40,8%	59,2%
Stjórnendur/atvinnurek./sérfræðingar	143	54,5%	45,5%
Nemar	94	55,3%	44,7%
Hvorki útivinnandi né í námi	67	43,3%	56,7%
<i>Alls</i>	588	50,3%	49,7%
<i>Menntun</i>			
Grunnskólapróf	113	50,4%	49,6%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	171	51,5%	48,5%
Framhaldsskólapróf	182	48,9%	51,1%
Háskólapróf	104	48,1%	51,9%
<i>Alls</i>	570	49,8%	50,2%
<i>Fjölskyldutekjur**</i>			
Lægrí en 250 þúsund	146	47,9%	52,1%
250-399 þúsund	154	53,2%	46,8%
400-549 þúsund	95	38,9%	61,1%
550 þúsund eða hærri	76	60,5%	39,5%
<i>Alls</i>	471	49,9%	50,1%

¹ Notast við núverandi skipulag almenningsvagnakerfisins en skipta yfir í umhverfisvænna eldsneyti fyrir strætisvagna.

² Breyta almenningsvagnakerfinu þannig að það verði aðgengilegri kostur fyrir fleiri að nota strætisvagna.

6. BAKGRUNNSGREINING

Í þessum kafla eru almennar spurningar úr könnuninni greindar eftir ýmsum bakgrunnspáttum eins og kyni, aldri, búsetu og menntun. Þær hlutfallstölur sem birtast í eftirfarandi töflum eiga einungis við þá sem svöruðu tilteknum spurningum. Þau svör sem flokkuðust sem *neitar að svara* eða *veit ekki* voru ekki tekin með í þessa útreikninga.

Tafla 6.1 Kynjaskipting

	<i>Fjöldi</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
<i>Aldur</i>			
16-29 ára	261	49,8%	50,2%
30-49 ára	318	52,8%	47,2%
50-76 ára	221	55,2%	44,8%
<i>Alls</i>	800	52,5%	47,5%
<i>Búseta</i>			
Höfuðborgarsvæði	455	50,1%	49,9%
Landsbyggð	345	55,7%	44,3%
<i>Alls</i>	800	52,5%	47,5%
<i>Starfsgrein</i>			
Verkfólk/einf. þjón.st./sjómenn/bændur	185	53,5%	46,5%
Faglærð iðnstörf	52	86,5%	13,5%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	144	36,8%	63,2%
Stjórnendur/atvinnurek./sérfræðingar	196	71,9%	28,1%
Nemar	120	37,5%	62,5%
Hvorki útvinnandi né í námi	90	36,7%	63,3%
<i>Alls</i>	787	52,9%	47,1%
<i>Menntun</i>			
Grunnskólapróf	155	40,0%	60,0%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	225	51,1%	48,9%
Framhaldsskólapróf	251	64,5%	35,5%
Háskólapróf	138	47,1%	52,9%
<i>Alls</i>	769	52,5%	47,5%
<i>Fjölskyldutekjur</i>			
Lægri en 250 þúsund	195	45,1%	54,9%
250-399 þúsund	204	54,9%	45,1%
400-549 þúsund	131	57,3%	42,7%
550 þúsund eða hærrí	89	71,9%	28,1%
<i>Alls</i>	619	54,8%	45,2%

Tafla 6.2 Aldursskipting

	<i>Fjöldi</i>	<i>16-29 ára</i>	<i>30-49 ára</i>	<i>40-76 ára</i>
Kyn				
Karlar	420	31,0%	40,0%	29,0%
Konur	380	34,5%	39,5%	26,1%
<i>Alls</i>	800	32,6%	39,8%	27,6%
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	455	33,4%	38,0%	28,6%
Landsbyggð	345	31,6%	42,0%	26,4%
<i>Alls</i>	800	32,6%	39,8%	27,6%
Starfsgrein				
Verkfólk/einf. þjón.st./sjómenn/bændur	185	35,7%	36,8%	27,6%
Faglærð iðnstörf	52	30,8%	48,1%	21,2%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	144	25,0%	52,1%	22,9%
Stjórnendur/atvinnurek./sérfræðingar	196	11,7%	59,7%	28,6%
Nemar	120	87,5%	10,8%	1,7%
Hvorki útivinnandi né í námi	90	13,3%	20,0%	66,7%
<i>Alls</i>	787	32,8%	40,2%	27,1%
Menntun				
Grunnskólapróf	155	41,3%	21,3%	37,4%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	225	38,7%	36,4%	24,9%
Framhaldsskólapróf	251	24,7%	47,0%	28,3%
Háskólapróf	138	14,5%	60,9%	24,6%
<i>Alls</i>	769	30,3%	41,2%	28,5%
Fjölskyldutekjur				
Lægri en 250 þúsund	195	30,3%	26,7%	43,1%
250-399 þúsund	204	31,4%	45,1%	23,5%
400-549 þúsund	131	23,7%	53,4%	22,9%
550 þúsund eða hærrí	89	28,1%	53,9%	18,0%
<i>Alls</i>	619	28,9%	42,3%	28,8%

Tafla 6.3 Skipting eftir búsetu

	<i>Fjöldi</i>	<i>Höfuðborgar- svæði</i>	<i>Landsbyggð</i>
Kyn			
Karlar	420	54,3%	45,7%
Konur	380	59,7%	40,3%
<i>Alls</i>	800	56,9%	43,1%
Aldur			
16-29 ára	261	58,2%	41,8%
30-49 ára	318	54,4%	45,6%
50-76 ára	221	58,8%	41,2%
<i>Alls</i>	800	56,9%	43,1%
Starfsgrein			
Verkfólk/einf. þjón.st./ sjómenn/bændur	185	37,3%	62,7%
Faglærð iðnstörf	52	55,8%	44,2%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	144	72,9%	27,1%
Stjórnendur/atvinnurek./ sérfræðingar	196	58,7%	41,3%
Nemar	120	63,3%	36,7%
Hvorki útvinnandi né í námi	90	55,6%	44,4%
<i>Alls</i>	787	56,4%	43,6%
Menntun			
Grunnskólapróf	155	45,8%	54,2%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	225	44,4%	55,6%
Framhaldsskólapróf	251	61,8%	38,2%
Háskólapróf	138	76,1%	23,9%
<i>Alls</i>	769	56,0%	44,0%
Fjölskyldutekjur			
Lægri en 250 þúsund	195	51,8%	48,2%
250-399 þúsund	204	48,5%	51,5%
400-549 þúsund	131	58,8%	41,2%
550 þúsund eða hærrí	89	69,7%	30,3%
<i>Alls</i>	619	54,8%	45,2%

Tafla 6.4 Skipting eftir starfsgrein

	Fjöldi	Verkaf./einf. þjón.st./ sjómenn/ bændur	Faglærð iðnstörf	Skrifst.st. og fagl. störf v. opinb. þjónustu	Stjórn./ atv.rek./ sérfr.	Nemar	Hvorki útvinn. né í námi
Kyn							
Karlar	416	23,8%	10,8%	12,7%	33,9%	10,8%	7,9%
Konur	371	23,2%	1,9%	24,5%	14,8%	20,2%	15,4%
<i>Alls</i>	787	23,5%	6,6%	18,3%	24,9%	15,2%	11,4%
Aldur							
16-29 ára	258	25,6%	6,2%	14,0%	8,9%	40,7%	4,7%
30-49 ára	316	21,5%	7,9%	23,7%	37,0%	4,1%	5,7%
50-76 ára	213	23,9%	5,2%	15,5%	26,3%	0,9%	28,2%
<i>Alls</i>	787	23,5%	6,6%	18,3%	24,9%	15,2%	11,4%
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	444	15,5%	6,5%	23,6%	25,9%	17,1%	11,3%
Landsbyggð	343	33,8%	6,7%	11,4%	23,6%	12,8%	11,7%
<i>Alls</i>	787	23,5%	6,6%	18,3%	24,9%	15,2%	11,4%
Menntun							
Grunnskólapróf	155	31,0%	0,0%	4,5%	14,8%	29,7%	20,0%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	221	43,0%	3,2%	14,5%	13,6%	12,2%	13,6%
Framhaldsskólapróf	248	15,7%	16,9%	22,6%	29,4%	8,9%	6,5%
Háskólapróf	137	0,7%	0,7%	35,8%	50,4%	2,9%	9,5%
<i>Alls</i>	761	24,0%	6,6%	18,9%	25,6%	13,0%	11,8%
Fjölskyldutekjur							
Lægri en 250 þúsund	195	28,2%	5,6%	10,3%	14,4%	12,3%	29,2%
250-399 þúsund	204	25,5%	8,3%	23,5%	24,5%	10,8%	7,4%
400-549 þúsund	131	22,9%	9,9%	22,1%	32,1%	8,4%	4,6%
550 þúsund eða hærri	88	17,0%	4,5%	20,5%	51,1%	5,7%	1,1%
<i>Alls</i>	618	24,6%	7,3%	18,6%	26,7%	10,0%	12,8%

Tafla 6.5 Skipting eftir menntun

	<i>Fjöldi</i>	<i>Grunn- skólapróf</i>	<i>Grunnsk.+ viðb.nám</i>	<i>Framh.- skólapróf</i>	<i>Háskóla- próf</i>
Kyn					
Karlar	404	15,3%	28,5%	40,1%	16,1%
Konur	365	25,5%	30,1%	24,4%	20,0%
<i>Alls</i>	769	20,2%	29,3%	32,6%	17,9%
Aldur					
16-29 ára	233	27,5%	37,3%	26,6%	8,6%
30-49 ára	317	10,4%	25,9%	37,2%	26,5%
50-76 ára	219	26,5%	25,6%	32,4%	15,5%
<i>Alls</i>	769	20,2%	29,3%	32,6%	17,9%
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	431	16,5%	23,2%	36,0%	24,4%
Landsbyggð	338	24,9%	37,0%	28,4%	9,8%
<i>Alls</i>	769	20,2%	29,3%	32,6%	17,9%
Starfsgrein					
Verkafólk/einf. þjón.st./ sjómenn/bændur	183	26,2%	51,9%	21,3%	0,5%
Faglærð iðnstörf	50	0,0%	14,0%	84,0%	2,0%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	144	4,9%	22,2%	38,9%	34,0%
Stjórnendur/atvinnurek./ sérfræðingar	195	11,8%	15,4%	37,4%	35,4%
Nemar	99	46,5%	27,3%	22,2%	4,0%
Hvorki útivinnandi né í námi	90	34,4%	33,3%	17,8%	14,4%
<i>Alls</i>	761	20,4%	29,0%	32,6%	18,0%
Fjölskyldutekjur					
Lægri en 250 þúsund	187	27,8%	38,0%	28,3%	5,9%
250-399 þúsund	198	16,2%	33,8%	36,4%	13,6%
400-549 þúsund	129	6,2%	26,4%	41,1%	26,4%
550 þúsund eða hærri	85	7,1%	15,3%	30,6%	47,1%
<i>Alls</i>	599	16,4%	30,9%	34,1%	18,7%

Tafla 6.6 Skipting eftir fjölskyldutekjum

	Fjöldi	Lægri en 250 þús.	250-399 þús.	400-549 þús.	550 þús. eða hærrí
Kyn					
Karlar	339	26,0%	33,0%	22,1%	18,9%
Konur	280	38,2%	32,9%	20,0%	8,9%
<i>Alls</i>	619	31,5%	33,0%	21,2%	14,4%
Aldur					
16-29 ára	179	33,0%	35,8%	17,3%	14,0%
30-49 ára	262	19,8%	35,1%	26,7%	18,3%
50-76 ára	178	47,2%	27,0%	16,9%	9,0%
<i>Alls</i>	619	31,5%	33,0%	21,2%	14,4%
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	339	29,8%	29,2%	22,7%	18,3%
Landsbyggð	280	33,6%	37,5%	19,3%	9,6%
<i>Alls</i>	619	31,5%	33,0%	21,2%	14,4%
Starfsgrein					
Verkafólk/einf. þjón.st./ sjómenn/bændur	152	36,2%	34,2%	19,7%	9,9%
Faglærð iðnstörf	45	24,4%	37,8%	28,9%	8,9%
Skrifst.störf og fagl. störf v. opinb. þjón	115	17,4%	41,7%	25,2%	15,7%
Stjórnendur/atvinnurek./ sérfræðingar	165	17,0%	30,3%	25,5%	27,3%
Nemar	62	38,7%	35,5%	17,7%	8,1%
Hvorki útvinnandi né í námi	79	72,2%	19,0%	7,6%	1,3%
<i>Alls</i>	618	31,6%	33,0%	21,2%	14,2%
Menntun					
Grunnskólapróf	98	53,1%	32,7%	8,2%	6,1%
Grunnsk. auk viðbótarnáms	185	38,4%	36,2%	18,4%	7,0%
Framhaldsskólapróf	204	26,0%	35,3%	26,0%	12,7%
Háskólapróf	112	9,8%	24,1%	30,4%	35,7%
<i>Alls</i>	599	31,2%	33,1%	21,5%	14,2%